



Fornleifarannsóknir í Haukadal 2009.

Hildur Gestsdóttir & Oddgeir Isaksen

Með viðaukum eftir Magnús Á.
Sigurgeirsson og Guðrúnu Öldu Gísladóttur
& Sólvegu Guðmundsdóttur Beck.

Fornleifastofnun Íslands

FS448-09061

Reykjavík 2010

Forsíðumyndin er af Draugafossi við Kirkjufell í landi Villingadals.

©Fornleifastofnun Íslands
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími:5511033

fsi@instarch.is

www.fornleif.is

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
FRAMKVÆMD.....	6
AÐFERÐAFRÆÐI	7
FORNLEIFAUPPGRÖFTUR.....	7
UPPMÆLINGAR.....	8
NIÐURSTÖÐUR	9
KIRKJUFELL.....	9
<i>Markmið</i>	11
<i>Bæjarstæði</i>	12
<i>Útihús</i>	16
<i>Hólrani</i>	18
<i>Framtíðarsýn</i>	21
VIÐ ORUSTUHVAMM.....	23
<i>Skurður 1</i>	25
<i>Skurðir 2 & 3</i>	27
<i>Umræða</i>	27
<i>Framtíðarsýn</i>	28
JÖRFL.....	29
<i>Framtíðarsýn</i>	30
LOKAORÐ	33
GRIPIR ÚR RANNSÓKNUM Í HAUKADAL 2009	35
KIRKJUFELL.....	35
ORUSTUHVAMMUR.....	35
GREINING GJÓSKULAGA	37
NIÐURSTÖÐUR.....	37
<i>Kirkjufell</i>	37
<i>Við Orustuhvamm</i>	38
HEIMILDIR	39
EININGASKRÁ	41
KIRKJUFELL.....	41
VIÐ ORUSTUHVAMM.....	43
GRIPASKRÁ	44
KIRKJUFELL.....	44
VIÐ ORUSTUHVAMM.....	44

Inngangur

Um nokkurt skeið hefur ferðamönnum sem leið eiga um Haukadal og nágrenni staðið til boða að skoða eftirlíkingu af bæ Eiríks rauða á Eiríksstöðum þar sem hægt er að skoða líflega kynningu á lifnaðar- og hýbýlaháttum Íslendinga á söguöld. Hefur aðsókn á staðinn verið talsverð síðan Eiríkibær var opnaður almenningi og af þeim sökum vaknað sú umræða hvort ekki væri hægt að auka enn frekar við menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu. Í því samhengi hafa heimamenn lýst áhuga á því að blása lífi í fornleifarannsóknir í Haukadal og eru þær rannsóknir sem fram fóru sumarið 2009 liður í þeirri áætlun. Í maí 2009 fóru fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands, Oddgeir Hansson, Guðrún Alda Gísladóttir og Hildur Gestsdóttir, í vettvangsferð með Óskari Inga Ingasyni, sóknarpresti Dalaprestakalls og stjórnarmanni í Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna, í Haukadal og heimsóttu minjastaði. Þar kviknaði sú hugmynd að dalurinn byði upp á mikla möguleika til rannsókna á búskapar- og hýbýlaháttum á mismundandi tímum. Var í framhaldi af vettvangsferðinni ákveðið að ráðast í frumrannsóknir á svæðinu en þeir staðir sem ákveðið var að leggja áherslu á fyrst voru Kirkjufell, sem er innst í Haukadal og farin í eyði vel fyrir 1703 (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1938), og Jörfi sem er sunnan megin í miðjum dalnum við rætur Jörfahnjúks. Búið var á Jörfa fram á miðja 20. öld, en litlar sem engar jarðbætur voru unnar þar, sem gerir það að verkum að í heimatúninu er fallett minjasvæði með mörgum sýnilegum tóftum frá ýmsum tímum.

Við skipulagningu verksins var reynt að horfa á þá mismundandi aðferðafræði sem fornleifafræðin hefur upp á að bjóða, og ákveðið að nálgast rannsóknarstaðina á mismunandi hátt. Lítið hefur verið um fornleifauppgreftri á 15.-17. aldar bæjarstæðum á Íslandi. Í yfirlitsgrein um uppgreftri á bæjarstæðum á Íslandi sem birt var árið 2004 kemur fram að af 39 bæjarstæðum sem rannsökuð hafa verið með fornleifauppgreftri, eru einungis fimm bæjarstæði sem eru ekki yfirstéttarbylí (Stóraborg, Forna-Lá, Kúabót, Reyðarfell

og Sandártunga) sem falla á þetta tímabil (Orri Vésteinsson, 2004). Því var ákveðið að grafa könnunarskurði á Kirkjufelli með það fyrir augum að kanna möguleikann á frekari rannsóknum þar. Var hugsunin jafnframt sú, ef af frekari rannsóknum yrði á Kirkjufelli, að hægt yrði að bjóða ferðamönnum upp á leiðsögn um svæðið á meðan uppgröftur stæði yfir auk þess sem markmiðið var að sett yrðu upp skilti á svæðinu með upplýsingum um staðinn og rannsóknina. Á Jörfa var hins vegar ákveðið að leggja áherslu á uppmælingu þeirra rústa sem sýnilegar eru á yfirborði í heimatúninu, svo útbúa mætti upplýsingaskilti og/eða bæklinga sem gætu leitt fólk um þetta áhuga-verða minjasvæði.

Auk þessara tveggja staða var áveðið að gera litla könnun í móaflesi norðan við Orustuhvamm sem liggur vestast í landi Jörfa, en mikill áhugi hefur verið hjá félaginu að kanna það svæði frekar eftir að klébergsbrot og kolaflekkir fundust þar undir lok síðustu aldar.

Framkvæmd

Dagana 27. júlí-7. ágúst grófu fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands alls 8 könnunarskurði á Kirkjufelli og við Orustuhvamm í Haukadal. Í október var svo farið aftur í dalinn og rústasvæðið á Kirkjufelli mælt upp með Differential GPS (DGPS) og alstöð og var slíkt hið sama gert í heimatúni Jörfa, auk þess sem skurðirnir í Orustuhvammi og á Kirkjufelli voru mældir upp. Oddgeir Hansson sá um verkstjórn, en aðrir starfsmenn rannsóknarinnar voru Hildur Gestsdóttir, Etel Colic og Lísar Rut Björnsdóttir. Óskar Gísli Sveinbjarnarson vann við uppmælingar og sá um úrvinnslu þeirra gagna.

Aðferðafræði

Fornleifauppgröftur

Mannvistarlög voru grafin með svokallaðri einingaaðferð (e. Single context recording). Hún felur í sér að hugsað er um hvert jarðlag, holu eða byggingarhluta á minjasvæði sem einstakan atburð í uppbyggingu þess. Er markmiðið að gera þeim sem grefur kleift að halda góðri yfirsýn yfir aldursröð jarðlaga sem og það samhengi sem er á milli einstakra mannvirkja eða byggingarstiga. Hver eining (þ.e jarðlag og/eða mannvirki) er skráð, teiknuð, hæðarmæld og stundum ljósmynduð og fær hún númer í hlaupandi númerakerfi sem er einstakt innan þess rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Þannig er t.d. eitt númerakerfi sem heldur utan um jarðlög og mannvirki sem hafa verið grafin upp í Kirkjufelli og annað fyrir Orustuhvamm.

Á meðan á uppgreftri stendur eru einingarnar færðar jafnóðum inn í flæðirit (e. Harris Matrix), sem heldur utanum uppröðun þeirra í tímaröð, sem og annað samhengi þeirra á milli. Oft getur verið flókið að ráða í samhengi á milli mannvistarlaga og því eru einingar sem þykja eiga saman á einhvern hátt, til dæmis þær sem taldar eru tilheyra ákveðinni byggingu, byggingarstigi eða tímabili, gjarnan settar saman í hóp sem fær númer úr sömu röð og einingarnar sjálfar. Þegar kemur síðan að því að lýsa niðurstöðum uppgraftra í rituðu máli er vísað í númer eininga og hópa þar sem það á við.

Gripir sem finnast við uppgröft eru einnig mikilvægur gagnaflokkur þar sem þeir geta m.a gefið góða vísbendingu um aldur og hlutverk bygginga. Eru þeir einnig allir númeraðir í hlaupandi númerakerfi líkt og jarðvegssýnin. Ekki finnast allir gripir í samhengi, því að sumir koma fram við hreinsun á uppgraftarsvæði en þegar vitað er úr hvaða lögum gripirnir komu, eru eininganúmer hengd við gripanúmerin og fylgja þau gripunum gegnum allt úrvinnsluferlið (Lucas, G).

Uppmælingar

Við uppmælingar var bæði notast við Differential GPS (DGPS) og alstöð. Voru tvenns konar mælingar unnar. Á Kirkjufelli voru gerðar landslagsmælingar þar sem gengið var yfir allt það svæði sem kanna átti, til að gera nákvæmt landslagskort af því en auk þess voru útlínur sýnilegra minja mældar upp. Á Jörfa var hins vegar lögð áhersla á að mæla upp útlínur minja en landslagsmælingar voru gerðar á einum stað, yfir kirkjurúst og kirkjugarði sem þar er að finna. Voru bæði verkin unnin með annað hvort alstöðinni eða DGPS, eftir aðstæðum. Auk þess útlínur könnunarskurða, sem grafnir voru á Kirkjufelli og við Orustuhvamm, mældar upp.

Niðurstöður

Kirkjufell

Bæjarstæði Kirkjufells situr neðst í vestur hlíð samnefnds fjalls, sem er innst í Haukadal. Svæðið afmarkast af Villingadalsá til vesturs, Haukadalsá til norðurs, og hlíðunum neðan við Villingadal til suðurs. Haukadalsskarð liggur í austur frá Kirkjufelli, en þar um lá áður aðalleiðin frá Norðurlandi til Snæfellsness og Suðurdala. Einnig fóru Dalamenn sunnan Laxárdals þar yfir til aðdrátta og fjárskila, og vermenn sem sóttu sjó á Suðurnes frá Norðurlandi, fóru gjarnan Haukadalsskarð, til að sleppa við Holtavörðuheiði, sem oft var illfær vegna ófærðar eða illviðra (Þorsteinn Þorsteinsson, 1947).

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703, kemur fram að jörðin Kirkjufell sé farin í eyði og að ekki sé vitað hvenær, en að mikið sjáist til rústa (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1938). Í örnefnaskrá Villingadals er bæjarstæðið hins vegar kallað Kot. Þar er haft eftir Guðmunds P. Ásmundssyni að Kirkjufell hafi áður verið aðalbýlið en að í Villingadal hafi verið fjárhús, en ekki kemur fram hvaðan þær heimildir koma. Á Kirkjufell að hafa lagst í eyði vegna reimleika frá Draugafossi. Í örnefnaskrá Villingadals stendur eftirfarandi um hann:

[Draugafoss]...dregur nafn sitt af því, að endur fyrir löngu, þegar draugagangur keyrði úr hófi í Haukadal, tók sig einn náunginn til, sem kunnir meir fyrir sér en aðrir, að hann kom þeim öllum fyrir við eða í fossinum. Fer ýmsum sögum um, hvernig hann fór að því. Hann markaði hring og sagði, að draugarnir væru lausir, en hann væri máður, en Þ[orsteinn] J [ónasson] sá aldrei hringinn og ekki draugana heldur, en þeir áttu að vera 13.... Haukadals-Halldóra var hreppsómagi erfiður og plága í dalnum, var eini nafngreindi draugurinn.

Ö-Villingadalur: 4


Í örnefnaskránni kemur einnig fram að sagnir séu um að bænhús eða hálfkirkja hafi verið á Kirkjufelli, og að rústir hennar sjáist enn.



Mynd 1: Bæjarstæði Kirkjufells, horft í austur út Haukadal. Bæjarstæðið er fyrir miðju myndar, og minjarnar á hólrananum til vinstri.

Bæjarstæðið er innan safngirðingu Kirkjufellsréttar sem stendur fyrir neðan hlíðina, en bæjarstæðið sjálft er á stalli í miðri hlíðinni. Þar er stór rúst, að öllum líkindum leifar bæjarhússins. Hún er með stefnuna norðvestur-suðaustur (þvert á brekkuna) og er um 7 x 24 m að utanmáli. Þó að veggirnir séu misgreinilegir á yfirborði, þá virðist rústin skiptast í að minnsta kosti þrjú hólf þó að mið hólfíð, sem er stærst, gæti verið skipt í tvennt. Tveir mögulegir inngangar eru sýnilegir, báðir á vesturveggjum rústarinnar. Aftan, eða austan við bæjarrústina eru tvær minni rústir, um 7 x 9 m og 9 x 8 m að utanmáli, báðar með inngang vestanmegin. Neðar í brekkunni, um 40 m sunnan við sjálft bæjarstæðið er enn ein rúst. Hún er með sömu stefnu og bæjarrústin, 7 x 9 m að utanmáli og virðist vera tvískipt, með inngang á vesturvegg.

Neðan (vestan) við hæðina er mýrlendi, en sunnan við það er þýfður hól-rani. Austast á þessum rana er það svæði sem menn telja sig hafa séð leifar hringlaga kirkjugarðs með þúst í miðjunni. Hins vegar eru ójöfnur á þessu svæði það ógreinilegar að erfitt er að átta sig á því hvort einhverjar þeirra séu manngerðar. Í ýmsum heimildum (t.d. Ö-Villingadalur, Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1938) kemur auk þess fram að túngarðar eða girðingar séu sýnilegar á Kirkjufelli, en ekki er unnt að greina slíkar minjar í dag.



Markmið

Eins og fram hefur komið, þá voru megin markmið rannsókna í Haukadal sumarið 2009 að skoða möguleika frekari rannsóknum sem m.a gætu aukið við menningartengda ferðaþjónustu á svæðinu. Kirkjufell var valið sem rannsóknarstaður þar sem, fyrir utan að vera einstaklega fallegur minjastaður, þá býður hann upp á möguleika á að veita innsýn í lífið á 15.-17. aldar býli á Íslandi.

Alls voru grafnir fimm skurðir á Kirkjufelli (sjá mynd 2). Tveir skurðir voru grafnir í bæjarrústina sjálfa (skurðir 3 & 5), einn í útihús sem liggur 40 m suðaustan við sjálft bæjarstæðið (skurður 2) og tveir í þýðan hólrana í láglandinu, um 95 m suðaustan við bæjarstæðið (skurðir 1 & 4), á þeim stað þar sem talið er að kirkjan, sem Kirkjufell er kennt við, hafi staðið. Einnig

voru allar sýnilegar minjar innan safngirðingar Kirkjufellsréttar mældar upp með DGPS og alstöð, auk þess sem landslagskort var gert með sömu tækjum innan girðingarinnar, og um 20 m upp af bæjarstæðinu í hlíð Kirkjufells. Skurðirnir, sem grafnir voru, voru staðsettir með alstöð.

Bæjarstæði

Tveir skurðir voru grafnir í stærstu tóftina á bæjarstæðinu, sem talið var að væri bæjarrústin sjálf. Markmiðið var að kanna hvort einhver gjóskulög væru greinanleg til að tímasetja mannvirkið, og athuga eðli




Mynd 3. Skurður 3 að uppgreftri loknum. Horft í suðvestur.

rústarinnar, og þá helst að kanna hvort þar væri gólftegund að finna sem bent gætu til þess að um íveruhús væru að ræða. Skurðirnir voru því báðir teknir þvert á vegg sem sýnilegir voru á yfirborðinu, annar úr stærsta (mið) hólfinu og út fyrir tóftina í norðaustur (skurður 3), og hinn þvert yfir vegginn sem skilur að miðhólfið og syðsta hólfið (skurður 5).


Skurður 3

Skurður 3 var 1 x 4,9 m að stærð. Hann var grafinn þvert yfir austurvegg tóftarinnar með stefnuna norðaustur-suðvestur, inn í norður enda miðjuhólfsins. Í austurenda skurðarins, í sömu stefnu og veggurinn sem sýnilegur er á yfirborði, kom í ljós torfveggur [18](=[29]=[35]) rétt undir yfirborðinu. Veggurinn var mest 0,45 m á hæð og 1,5 m á breidd, fremur óreglulega hlaðinn úr torfstreng. Norðaustan við þennan vegg, undir áfoki [44] og torfhruni [11] úr honum kom í ljós steinhleðsla [45] með stefnu norðaustur-




Mynd 4. Matrix fyrir skurð 3

suðvestur. Steinhleðsla þessi byrjaði undir torfvegg [18] og lá 1,1 m samhliða skurðbarminum inn í sniðið við norðausturenda hans. Lega steinana bendir til þess að framhliðin á veggnum vísi í suðaustur (ss. inn í sniðið). Norðvestan við steinhleðsluna var torfblandað lag [34], hugsanlega fylling í vegginn. Suðvestan við vegg [18] fellur yfirborðið töluvert, og óvíst á þessu stigi hvort það fylgi brekkunni á þessum stað, eða um niðurgröft sé að ræða.



Mynd 5. Skurður 3. Norðursnið

Undir torfhruni [12](=[19]=[27]) austan við torfvegg [18] voru tveir steinhlaðnir veggir. Veggur [37] var með stefnuna norðvestur-suðaustur og lá þvert yfir skurðinn, 0,7 m frá suðvestur brún hans. Veggur [46] var með stefnuna norðaustur-suðvestur. Hann fylgdi suðausturbrún skurðarins, upp að vegg [37] og myndaði 90° horn við hann. Veggur [46] var einungis 1,1 m á lengd. Voru báðar þessar steinhleðslur með tvö umför af hleðslugrjóti. Suðvestan við vegg [37] og upp að honum var torfblandað lag [38] mjög þétt í sér með töluvert af steinum, sérstaklega upp við suðvesturenda skurðarins. Er annað hvort um hrun eða fyllingu í vegg að ræða. Engin gjóskulög voru sýnileg í skurði 3 (sjá Magnús Á Sigurgeirsson, aftar í þessari skýrslu). Eini gripurinn sem fannst við rannsóknina á Kirkjufelli, handsmíðaður nagli <01>, fannst í skurði 3, þegar sniðið var hreinsað, og er því ekki vitað úr hvaða jarðlagi hann kom (sjá



Mynd 6 Matrix, skurður 5

Guðrún A. Gísladóttir & Sólveig Guðmundsdóttir Beck, aftar í þessari skýrslu).


Skurður 5

Skurður 5 var 1x3,9 m að stærð, með stefnuna norðvestur-suðaustur, í gegn um vegginn sem var á milli tveggja norðaustustu hólfanna á hinni meintu bæjarrúst. Undir torfhrunlögum [20] & [21] í miðjum skurðinum var torfveggur [24], líklegast strenghlaðinn, og var hann mest um 0,1 m á hæð og 0,8 m á breidd. Var hann með stefnuna norðaustur-suðvestur, og er greinilega sá veggur sem er sýnilegur á yfirborðinu. Undir vegg [24] var annar torfveggur [41]. Sá var með sömu stefnu og [24] en þó aðeins minni um sig, mest 0,6 m á breidd. Kola og torfblönduð jarðlög, [26] & [32], aðskildu veggina. Suðaustan við og undir vegg [41] var jarðlag með torf-flekkjum [40] sem veggurinn er hlaðinn á. Norðaustur hlið veggins hefur hins vegar verið skorin og liggur sá skurður [49] mun neðar en hleðslan, þannig að það myndast 0,7 m hár bakki. Ekki er mögulegt að segja á þessu stigi hvort um sé að ræða mannvirki sem hefur verið að hluta niðurgrafið, eða einhverskonar útmokstur úr tóftinni. Upp að þessari skurðbrún lágu vinblásin jarðlög [28] og jarðvegur blandaður stórum torfköggjum [39]. Undir því var mold með kolaflekkjum [42] sem lá klárlega undir vegg [41] og var skorið af [49]. Lag [42] var ekki grafið í burtu, en í prufuholu sem tekinn var við norðvestursnið skurðarins kom í ljós þétt svart lag [43], líklegast gólflag. Ekki er möguleiki á þessu stigi að átta sig á því hvaða mannvirki þetta gólflag tilheyrir. Engin gjóskulög fundust í skurði 5, og engir gripir sem hægt er að nýta til að tímasetja minjarnar (sjá Magnús Á. Sigurgeirsson, aftar í þessari skýrslu).


Umræða

Þegar bæjarrústin sem sýnileg er á yfirborði er skoðuð þá sést að sumir hlutar hennar eru mun greinilegri en aðrir. Veggir sýndir dökkgráir (byggt á uppmælingum frá 2009) á mynd 7 eru töluvert hærrí og lóðréttari en aðrir veggir rústarinnar. Veggir [18] og [24] samræmast við þessa greinilegri

veggi. Þeir eru báðir óreglulega hlaðnir torfveggir úr áþekku strengjatorfi. Töluverður bakki er frá hleðslunum og inn í tóftina (greinilega skorin [49] við vegg [24]). Engin góflög tengjast þessum hleðslum. Líklegast er því hér um að ræða seinni tíma nýtingu á svæðinu, að greinilegri veggirnir [18] og [24] tilheyri stekk eða einhverskonar aðhaldi sem hlaðið hefur verið upp ofan á eldri rústir.



Fyrir utan þá hluta eldri mannvirkja sem sýnilegar eru á yfirborði, þá fundust töluverð merki um þau í skurðunum. Voru steinveggir [37], [45] og [46] til að mynda ekki sýnilegir á yfirborði. Veggir [37] og [46] mynda 90° horn og eru því að öllum líkindum hluti af sama mannvirkinu. Veggir [45] og [46] fylgja sömu stefnu, en þó er 0,3 m hæðarmunur á veggjunum, sem eru ekki tengdir. Allar þessar veggjahleðslur liggja í jaðri skurðarins, og bendir lega steinanna til þess að um ytra byrði veggja að ræða, og því var ekki hægt að sýna fram á nein góflög í beinu samhengi við þá. Hins vegar eru þeir það veglegir að líklegast er um veggir að ræða sem tilheyra húsi undir þaki, sérstaklega í því samhengi að skurðirnir eru grafnir á bæjarstæði. Því er ekki ólíklegt að góflagið [43] sem sást í prufuholunni í skurði 5 tilheyri þessu mannvirki. Steinhleðnu veggirnir í skurði 3 voru ekki sýnilegir á yfirborðinu, þannig á þessu stigi er erfitt að segja til um legu og stærð þessara eldri mannvirkja (sjá mynd 8. Gráa svæðið sýnir minjar sýnilegar á yfirborði, byggt á uppmælingum 2009).



Útihús

Einn skurður (skurður 2) var tekinn meinta rúst útihúss sem er um 40 m suðaustan við bæjarstæðið. Markmiðið var að reyna að aldursgreina mannvirkið og athuga eðli þessi.

Skurður 2


Skurður 2 var tekinn yfir suðvestur vegg tóftarinnar, inn í hana miðja. Skurðurinn var 1 x 4,1 m og með stefnuna norðaustur-suðvestur. Í skurðinum miðjum var torfveggur [10], mest 0,6 m á hæð og 1,2 m á breidd og fylgdi hann stefnu vegg tóftarinnar sem er sýnileg á yfirborðinu. Einföld steinhleðsla var á innri (norðaustur) hlið torfveggjarins [47] en ekki þeirri ytri. Utan við tóftina, í suðvesturenda skurðarins lá veggurinn undir torf og grjóthruni úr veggnum [3], þunnu viðarkolalagi [5] og vindblásnu kolablönduðu lagi [6] sem safnast hafði upp við vegg [10]. Er nokkur bratti þessu á þessu svæði í suðvestur frá tóftinni. Innan í tóftinni lágu torf og grjóthrun [2] ofan á torfblandaðri mold [48]. Þar fyrir neðan var lífrænt lag [7] sem lá ofan á gólflagi [9] tóftarinnar.



Mynd 9. Skurður 2 við lok uppgrافتar. Innra byrði veggjar. Horft í suðvestur.

Í torfveggnum [10] í skurði 2 fannst dökkt lag sem gjarnan finnst í samhengi við landnámssyrpuna svokölluðu, gjóskan sjálf fannst hins vegar ekki. Yfir

Í torfveggnum [10] í skurði 2 fannst dökkt lag sem gjarnan finnst í samhengi við landnámssyrpuna svokölluðu, gjóskan sjálf fannst hins vegar ekki. Yfir





Mynd 10. Skurður 2. Suðursnið

hruninu [2] inni í tóftinni lá hinsvegar örþunnt sendið gjóskulag, sem greint hefur verið sem gjóska (sjá mynd 10) úr Heklugosinu 1693 (sjá Magnús Á. Sigurgeirsson, aftar í þessari skýrslu).

Umræða


Lífræni jarðvegurinn inni í tóftinni styður þá kenningu að um útihús sé að ræða. Heklugjóska frá 1693 yfir hruni inni í tóftinni bendir til þess að þetta mannvirki hafi verið farið úr notkun vel fyrir þann tíma, sem stemmir við lýsingar úr Jarðabókinni (Árni Magnússon & Páll Vídalín,



1938), þar sem kemur fram að árið 1703 sé svæðið farið í eyði fyrir manna minni.

Hólrani


Tveir skurðir voru grafnir á hólarananum sunnan við mýrina sem liggur við rætur Kirkjufells. Skurður 1 var grafinn á miðju því svæði þar sem talið var að hinn meinti kirkjugarður væri, en skurður 4 var grafinn á vesturenda ranans, nálægt rofabarði þar sem sjá mátti móösku og viðarkolaflekki.



Mynd 13. Skurður 1

Skurður 1

Skurður 1 var 1 x 5,8 m og var með stefnuna norðvestur-suðaustur. Honum var valinn staður á austanverðum hólranaum, á miðju því svæði þar sem talið var líklegast að hinn meinti kirkjugarður væri, þvert yfir þúst sem þar má greina á yfirborði.



Mynd 14. Matrix skurður 1

Tvö byggingarstig garðlaga fundust í skurði 1 og lágu bæði þvert yfir skurðinn (því líklegast með stefnuna norðaustur-suðvestur). Yngri veggurinn [13] lá við suðaustur enda skurðarins. Hann var hlaðinn úr strengjatorfi, mest 0,3 m hár og 0,9 m á breidd. Grjót var við norðvestur hlið hans, en mjög óreglulegt, og því erfitt að segja til um hvort það hafi verið hluti af hleðslunni. Suðaustan við vegginn og upp að honum var torfblandað lag [4], líklegast að mestu hrun úr veggnum. Undir lagi [4] var vindblásinn jarðvegur með lítil merki um mannvist

[14], sem veggur [13] var hlaðinn á. Farið var í gegn um þetta jarðlag suðaustanmegin í skurðinum, og þar var komið niður á óhreyfðan jarðveg. Lag [14] lá upp á hina vegghleðsluna [15] í skurðinum. Sú var torfhlaðinn og breiðari en [13], eða að minnsta kosti 1 m á breidd. Óreglulegt grjót sem




Mynd 15. Skurður 4 við lok uppgrafter. Horft í norður

fannst sitt hvoru megin við vegginn gætu hafa verið leifar af grjóthleðslum, en erfitt er að segja til um það með vissu. Veggirnir tveir virðast hafa nokkurn veginn sömu stefnu. Norðvestan við og upp að vegg [15] lágu nokkur torfblönduð jarðlög [16] & [17]. Norðvestur endi skurðarins var stækkaður í 1,6x2 m og grafinn niður í óhreyft til að kanna hvort grafir væru á svæðinu en svo reyndist þó ekki vera. Undir jarðlagi [17] var steinahrúga [8] sem sat í óhreyfðu.

Engin gjóskulög fundust í skurði 1, en í torfinu í báðum veggjarhleðslunum fannst dökkt jarðlag sem tengist gjarnan hinni svonefndu landnámssyrpu, þó að engin merki um gjóskulögin sjálf hafi fundist (sjá Magnús Á. Sigurgeirsson, aftar í þessari skýrslu).


Skurður 4.

Skurður 4 var tekinn í vesturenda þýfða svæðisins, í norðurbrekkuna. Skurðurinn var 1,5 x 2,8 m, með stefnuna norður-suður. Í norðurenda skurðarins var óreglulega hlaðinn torf- og steinveggur [31]. Var hann mest 0,2 m á hæð og 1,1 m á breidd og lá utan í brekku sem hallar niður til norðausturs. Ofan á veggnum voru tvö hreyfð torflög, [23] & [25],



Mynd 16. Matrix, skurður 4.

sem eru annað hvort hrun úr vegg [31] eða hluti af óreglulegri hleðslu hans. Norðan við vegg [31] og að hluta til ofan á honum var torfhrunlag [30]. Sunnan við vegg [31] og upp að honum var þunnt jarðlag [25] myndað úr linsum af koli og töluvert af lífrænu efni. Engin gjóskulög fundust í skurði 4, en í torfhleðslunni fannst dökkt



jarðlag sem tengist gjarnan Landnámssyrpurni, þó að engin merki um gjóskulögin sjálf hafi fundist (sjá Magnús Á. Sigurgeirsson, aftar í þessari skýrslu).

Umræða

Ólíkt skurðunum sem teknir voru á bæjarstæðinu þá voru engar greinilegar rústir á yfirborðinu á þessu svæði. Hins vegar kom klárlega í ljós að einhverjar af þeim þústum sem sjá má á yfirborðinu eru leifar mannvirkja. Í báðum skurðunum fundust einungis merki garðlaga en engin ummerki annarra mannvirkja. Leifar tveggja garðlaga fundust í skurði 1. Þau voru með sömu stefnu, en eru greinilega ekki samtíða, þar sem annar [13] var hlaðinn ofan á, eða utan í hinn [15]. Farið var niður á óhreyft sitt hvoru megin við þessar hleðslur og fundust engin merki um gólfög, þannig að það er ólíklegt að þær tengist mannvirkjum undir þaki. Þetta, samhliða því að engin merki um grafir fundust á stækkaða svæðinu, bendir til þess að ólíklegt er að kirkja hafi staðið á þessum stað, ef kirkja hefur þá nokkurn tíman verið á Kirkjufelli. Þess ber að geta að fjallið kirkjufell er þríhyrnings-

laga, og því ekki ómögulegt að örnefnið sé náttúruörnefni, en ekki tengt því að kirkja hafi verið á jörðinni.

Framtíðarsýn

Eins og svo oft vill verða þegar grafnir eru könnunarskurðir eins og gert var á Kirkjufelli, þá breyttist sú mynd nokkuð sem áður hafði verið dregin upp af þeim fornleifum sem sjást þar á yfirborði, þegar farið er að skoða undir svörðinn. Stór hluti þeirra veggjaleifa, sem eru sýnilegar á yfirborð á sjálfu bæjarstæðinu, tilheyra seinni tíma nýtingu á staðnum. Líklegast var þetta stekkur eða einhvers konar aðhald sem hlaðið hefur verið ofan á bæjar-rústina. Einnig kom í ljós að talsvert er um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði, eins og til dæmis þær veglegu veggjarhleðslur sem sáust í skurði 3. Því er myndin af þeim minjum sem finna má á Kirkjufelli mun flóknari en virtist við fyrstu sýn.

Ekki gekk vel að tímasetja minjarnar út frá þeim könnunarskurðum sem grafnir voru sumarið 2009. Ekki er hægt að nýta eina gripinn sem fannst til aldursgreiningar, og ekki er mikið um sýnileg gjóskulög. Fundust einungis fundust klár merki um söguleg gjóskulög í einum skurði, þ.e. skurði 2 í úthústöftina, og var um að ræða gjósku úr Heklugosi 1693 sem lá yfir hrúni úr tóftinni. Bendir þetta klárlega til þess að a.m.k hluti minjanna á svæðinu hafi verið komnir úr notkun vel fyrir 1693, sem passar vel við fullyrðingar Jarðabókarinnar, að Kirkjufell hafi verið komið í eyði vel fyrir 1703 (Árni Magnússon & Páll Vídalín, 1938).

Skurðirnir á hólrananum sýndu fram á að eitthvað af þeim þústum sem eru sýnilegar á yfirborðinu þar eru mannvirki, en ólíklegt er að kirkju eða kirkju-garð sé þar að finna, a.m.k ekki á þeim hluta svæðisins sem rannsakaðir voru. Hugmyndir hafa verið reifaðar um að á hólrananum séu eldir minjar en á bæjarstæðinu uppi í hlíðinni, þar sem þær eru mun ógreinilegri. Á mótí kemur að þessar minjar standa í eða við mýrlendi, sem gerir það að verkum

að þær eru líklegri til að sökkva auk þess sem þær minjar sem voru grafnar fram á bæjarstæðinu voru mun veglegri, og því líklegri til að vera sýnilegri á yfirborði en þær sem voru í skurðunum á hólrananum

Kirkjufell bíður upp á mikla rannsóknarmöguleika. Þar er fallegur minjastaður sem áhugavert væri fyrir ferðamenn að heimsækja og fræðast um lifnaðarhætti í Haukadal á 15.-17 öld. Tilvalið væri að byrja á að rannsaka með uppgreftri stærstu tóftina á bæjarstæðinu, en niðurstöður úr könnunarskurðinum sýndu fram á veglegar veggjarhleðslur og gólfög sem tengjast þeim sem mjög áhugavert væri að kanna frekar. Ef áhugi er fyrir að skoða betur minjasvæðið á hólrananum, þá væri vænlegast að framkvæma jarðsjármælingar á því svæði, til að gera betur grein fyrir útbreiðslu minja þar.



Mynd 18. Við Orustuhvamm. Horft í austur í átt að Saurstöðum. Friðlýsta gerðið sést fyrir miðju myndar, og uppgraftarsvæðið handan við það.

Við Orustuhvamm

Rannsóknarsvæðið við Orustuhvamm, sem er í landi Jörfa, afmarkast í austri af neðstu hlíðum Jörfahnjúks og í vestri af Saurstaðagili, sem markar landamerki við Saurstaði. Brynjúlfur Jónsson heimsótti Orustuhvamm sumarið 1894, á ferðalagi sínum um söguslóðir á vesturlandi. Lýsti hann fjórum eða fleiri stekkjatóftum inni í Orustuhvamminum sjálfum og sagði að Eiríkur rauði hafi barist þar, samkvæmt sögunni. Brynjúlfur bætir þó við að ekki sé vitað hvort það hafi verið við Hólmgöngu-Hrafn eða Eyjólf saur (Brynjúlfur Jónsson, 1895), en í Eiríkssögu rauða segir:

Réðst Eiríkur þá norðan og ruddi land í Haukadal og bjó á Eiríksstöðum hjá Vatnshorni. Þá felldu þrælur Eiríks skriðu á bæ Valþjófs á Valþjófsstöðum. Eyjólfur saur frændi hans drap þrælana hjá Skeiðsbrekkum upp frá Vatnshorni. Fyrir það vó Eiríkur Eyjólf saur. Hann vó og Hólmgöngu-Hrafn að Leikskálum.


Íslensk fornrit, IV; 197-8.

Í örnefnaskrá Jörfa er vitnað í Guðmund P. Ásmundsson, sem telur að þarna hafi verið smábýli eða beitarhús (Ö-Jörfi), en ekki kemur fram hvaðan sú kenning kemur. Brynjúlfur lýsir einnig girðingunni sem er á móaflesinni norðan við Orustuhvamm, að hún sé 10. faðmar á hvorn veg. Í þessu gerði eiga Eiríkur og Eyjólfur að hafa barist (Brynjúlfur Jónsson, 1895). Matthías Þórðarson, fyrrum þjóðminjavörður friðlýsti þessa tóft árið 1930 (Ágúst Ó. Georgsson, 1990). Brynjúlfur nefnir einnig að minni girðing hafi verið á móaflesinu, sem sögð var hlaðin um gröf Eyjólfs, en að Saurstaðaáin hafi brotið hana burtu, og ekkert sjáist af henni lengur (Brynjúlfur Jónsson, 1895).

Í dag eru minjarnar inni í Orustuhvammi vel sýnilegar. Þar liggja þrjár sam-síða dældir, ekki mjög greinilegar og hringlaga þúst. Nyrst í hvamminum er greinilegasta tóftin, sem er tvískipt og er líklegast um stekk að ræða eða eitthvað þvíumlíkt. Friðlýsta gerðið er vel sýnilegt, veggir þess eru mest um 0,4 m á hæð, en mjög þýft er á svæðinu, bæði innan í gerðinu og umhverfis

Það. Í skýrslu um fornleifaskráningu á svæðinu er einnig lýst lágum garði sem liggur frá norðri til suðurs, niður að Haukadalsá efri, um 5 – 6 m austan við tóftina. Eru líkur leiddar að því að um sé að ræða leifar þjóðleiðarinnar sem lá þarna undir melnum og upp hlíðina ofan við Saurstaði. Er sú tilgáta sett fram að áningastaður hafi verið í hvamminum, og að friðlýsta gerðið hafi verið hestarétt (Guðmundur Ólafsson & Ragnheiður Traustadóttir, 1997). Vestan við gerðið eru hjólför, sem liggur samhliða Saurstaða-ánni, og vestan við slóðann er rafmagnsgirðing.

Áhugi var fyrir því að rannsaka svæðið vestan við friðlýsta gerðið, þar sem fyrir nokkrum árum fannst klébergsbrot auk viðarkola í rofi í hjólförunum Þótti þetta benda til þess að minjar væri að finna á þessum stað, og klébergsbrotið jafnframt til þess að þær gætu verið frá landnámsöld.



Þrjár skurðir voru grafnir við Orustuhvamm (sjá mynd 19). Þar sem engar minjar voru sýnilegar á yfirborði, var ákveðið að kanna tvö svæði, annars vegar þar sem að stórir steinar sáust stingast upp úr sverðinum í slóðanum (skurður 1), og hins vegar þar sem




Mynd 20. Skurður 1 við lok uppgrafar. Horft í suðvestur

viðarkolaleyfar sáust í rofi í hjólförunum (skurðir 2 & 3). Skurðirnir og friðlýsta gerðið voru mæld upp með DGPS.

Skurður 1

Skurður 1 var með stefnuna norðvestur-suðaustur og 2 x 3 m að stærð. Í ljós kom veggjarhleðsla [15] í suðaustur enda skurðarins. Veggurinn var með stefnuna norðaustur-suðvestur. Var hann er hlaðinn úr stóru grjóti, sem einungis stóð eitt umfar eftir af. Framhliðin virtist vísa í norðvestur, en norðaustan við hleðslugrjótið var upphrugað smágrýti, hugsanlega fylling í vegginn. Ofan á veggnum lá torfblandað lag [02], en í norðvestur enda skurðarins voru kola- og torfblönduð jarðlög, [03] & [04]. Veggurinn sjálfur var hlaðinn á yfirborði sem var óraskað af manna völdum. Engin gjóskulög fundust í skurðinum (sjá Magnús Á. Sigurgeirsson, aftar í þessari skýrslu), en brot úr klébergsíláti <09> kom upp með torfinu, sem bendir til þess að þessar minjar geti verið frá landnámsöld (sjá Guðrún A. Gísladóttir & Sólveig Guðmundsdóttir Beck, aftar í þessari skýrslu).




Mynd 21. Matrix fyrir skurð 1



Mynd 22. Skurðir 2 & 3 við lok uppgrافتar. Horft í norðvestur.


Skurðir 2 & 3

Skurður 2 var með stefnuna norðvestur-suðaustur og 0,9 x 3,9 m að stærð. Hann var grafinn þétt upp við rafmagnsgirðinguna, á þeim stað þar sem viðarkoladreif sást í rofi í hjólförinum. Í skurðinum fundust nokkur viðarkolablönduð lög, [05], [06] & [07]. Sindur fannst í sýni sem tekið var úr jarðlagi [05], sem bendir til þess að þessi jarðlög eigi uppruna sinn í járnvinnslu. Jarðlag [06], sem einungis sást í á litlu svæði í suðurhorni skurðarins var myndað úr þéttum lögum af kolum, og var talið að jafn-



Mynd 23. Matrix fyrir skurð 2

vel væri um einhverskonar grófagerða vegghleðslu að ræða, og því var ákveðið að kanna það svæði frekar. Þar sem að rafmagnsgirðingin lá meðfram suðvestur hlið skurðarins þá þurfti að opna nýtt svæði vestan megin við hann. Var það svæði skurður 3 og lá það sam-



Mynd 24. Matrix fyrir skurð 3

síða skurði 2, um 0,9 m vestan við hann og var það 1,9 x 2 m að stærð. Í austur enda skurðar 3 komu í ljós frekari viðarkolalög [11], en enginn merki um þær veggjarhleðslur sem talið var að mögulega sæjust í skurði 2. Hins vegar kom í ljós troðinn göngustígur, [10], sem var 0,9 m á breidd, um 0,1 m á dýpt og lá nokkurn veginn austur-vestur, þvert yfir skurðinn. Í honum lá troðið malarlag [09]. Í vesturenda skurðar 3 voru einsleit jarðlög, blönduð torfi, [12] & [13], sem öll lágu ofan á moldarlagi með viðarkolaflekkjum [14]. Engin gjóskulög fundust í þessum skurðum (sjá Magnús Á. Sigurgeirsson, aftar í þessari skýrslu), og þó að gripir hafi fundist í þeim, þá var enginn sem gefið gat vísbendingu um aldur þessara minja (sjá Guðrún A. Gísladóttir & Sólveig Guðmundsdóttir Beck, aftar í þessari skýrslu).

Umræða

Markmið með rannsóknunum við Orustuhvamm voru fyrst og fermst að kanna hvort einhverjar minjar væri að finna á þessu svæði og staðfestu veggjarhleðslur og koladreifar sem fundust, að svo væri. Að svo stöddu er lítið hægt að segja um hlutverk þessara minja, annað en það að kléberg-sbrotið gefur til kynna að þær séu frá landnámsöld, og sindur í sýni sem tekið var úr koladreif, auk nokkurra gjallmola (sjá Guðrún A. Gísladóttir & Sólveig Guðmundsdóttir Beck, aftar í þessari skýrslu) benda til þess að einhversstaðar nálægt því svæði sem könnunarskurðirnir voru grafnir, hafi járnvinnsla farið fram.

Framtíðarsýn

Þar sem þær minjar sem þarna er að finna eru ekki sýnilegar á yfirborði, þá væri það næsta verk, ef ákveðið verður að halda áfram fornleifarannsóknnum á þessu svæði, að láta fara fram jarðsjármælingar til að kanna útbreiðslu og eðli minja, svo að hægt verði að ákveða hvar frekari rannsóknir eigi að fara fram.


Jörfi

Bæjarstæði Jörfa er sunnanmegin í miðjum Haukadalnum, undir hlíðum rfahnjúks. Þar bjuggu gjarnan efnamenn og er staðurinn vel þekktur á landsvísu vegna Jörfagleðinnar sem þar var haldin á Krossamessu ár hvert, a.m.k frá 17. öld og fram á þá 18. Jörfagleðin var eins konar töðugjöld og var hún haldin þegar heyskap var lokið og kaupafólk farið að huga að vísaskiptum. Þessar samkomur voru löngum þyrnir í augum yfirvalda vegna lauslætis og gjálffis sem þar var talið vera stundað og fór svo að lokum að þær voru lagðar af árið 1708 (Þorsteinn Þorsteinsson, 1947). Jörfi hefur einnig þá sérstöðu að þrátt fyrir að þar hafi verið búskapur vel fram á síðari hluta 20. aldar þá hafa litlar sem engar jarðabætur verið gerðar á heimatúninu. Þar er því að finna einstaklega fallegt minjasvæði þar sem getur að líta fjölda rústa frá ýmsum tímum. Auk útihúsa, rétta og garðlaga er þar kirkjurúst og kirkjugarður, en hálfkirkja var á Jörfa a.m.k frá miðöldum fram til 1765 þegar hún var lögð af (Konungsbréf). Jörfi var jafnfram þingstaður Haukadalshrepps til forna og má þar enn sjá rúst, á svonefndum Þinghól, sem talin er vera eftir þinghús (Ö-Jörfi).

Allar minjar sem eru sýnilegar innan heimatúns Jörfa voru mældar upp með DGPS (sjá mynd 26), en auk þess var gerð yfirborðsmæling á kirkjutóftinni sem er vestan við bæjarstæðið (sjá mynd 28).




Mynd 25. Óskar Gísli við uppmælingar á Jörfa



Framtíðarsýn

Hugmyndin með þessum uppmælingum var sú að leggja grunnin að gerð upplýsingaskilta sem setja mætti upp á Jörfa sem viðbót við menningartengda ferðaþjónustu í Haukadal. Verður næsta skref að leita frekari upplýsinga um minjarnar sem mældar voru upp svo hægt verði að setja þessarrústir í samhengi, og nýta þær til að segja sögu þessa merka minjasvæðis.



Mynd 27. Þrívíð mynd af kirkjurústinni á Jörva og göngugarði upp að henni. Byggð á upp mælingum frá 2009.

Lokaorð

Eins og gjarnan vill verða þegar slíkar forkannanir eru gerðar, þá vekja niðurstöðurnar upp jafn margar, ef ekki fleiri spurningar en þær svara. Á Kirkjufelli kom í ljós að þær minjar sem leynast undir sverði á bæjarstæðinu eru mun flóknari en virðist við fyrstu sýn. Hluti hinnar sýnilegu rústar á bæjarstæðinu, er klárlega seinni tíma endurnýting, á meðan stór hluti hins eiginlega bæjarhús er ekki sýnilegur á yfirborði. Þó að ekki hafi verið hægt að sýna fram á að kirkja hafi verið á jörðinni, þá sýna garðlögin á þýfða hólarananum að minjasvæðið er mun stærra en virðist við fyrstu sýn. Það sama má segja um Orustuhvamm en þar fundust minjar undir sverði, hugsanlega frá landnámsöld, á svæði þar sem ekkert var sýnilegt á yfirborði, sem bendir til mun flóknara minjasvæðis en virtist við fyrstu sýn.

Í Haukadal eru því miklir möguleikar fyrir áframhaldandi rannsóknir. Mikill áhugi er fyrir því að halda áfram þeim verkefnum sem byrjað var á 2009; með frekari uppgreiftri á Kirkjufelli og uppsetning skilta þar og á Jörfa. Er einnig áhugi á víðtækari rannsóknum í dalnum svo hægt verði að skoða minjar á þessum stöðum í víðara samhengi. Þar má til dæmis nefna skráningu á leiðum inn í og innan dalsins og skráning sýnilegra minja af loftljósmyndum, en slíkt hefur sýnt fram á mjög áhugaverða rannsóknarmöguleika þar sem loftljósmyndir eða gervihnattamyndir hafa verið nýttar til að skrá og rannsaka minjar á stóru landssvæði (sjá t.d. Birna Lárusdóttir & Oscar Aldred, 2008; Árni Einarsson o.fl. 2002).

Gripir úr rannsóknum í Haukadal 2009

Guðrún Alda Gísladóttir & Sólveig Guðmundsdóttir Beck.

Kirkjufell


Aðeins einn gripur fannst við rannsóknina í Kirkjufelli. Það var ryðgaður T-laga nagli <01> sem fannst við hreinsun á sniði í skurði 3. Ekki er hægt að nýta hann til aldursgreiningar.

Orustuhvammur

Úr skurðunum í Orustuhvammi komu 14 gripir undir átta númerum. Nokkrir járnkjallsmolar úr skurðum 1 og 2, <06> og <02>, sem styður þá kenningu að járnvinnsla hafi verið einhverstaðar nálægt þeim stað sem skurðirnir voru grafnir á Orustuhvammi. Þá fannst lítið flatt járnbrót, <07>, í skurði 1, ógreinalegt. Um ofnagreinda gripri er lítið hægt að fjölyrða meira.

Nokkrir óunnir aðfluttir steinar fundust í skurði 2. Þetta voru jaspis molar <03> & <08>, ópall, <05> og veðruð hrafntinna með perlite skán, <04>. Þessar steintegundir hafa helst verið nýttar í skartgripum hér á landi, en hugsanlega hefur einnig verið reynt að nýta þá til að búa til neista til að kveikja eld.

Athyglisvert er grýtubrot úr klébergi, <09>, sem var lausafundur úr skurði 1. Grýtur voru notaðar til eldamennsku og er algengt að finna slík brot á



stöðum frá víkingöld (9.-11. öld). Grýtubrotið úr Orustuhvammi fellur í flokk með öðrum slíkum brotum. Nokkrir steinar fundust einnig við rannsóknina, þeir eru

Fátt er hægt að segja um þetta látlausa gripasafn en þó má segja að grýtubrotið gefi vísbendingar um fornan aldur minjanna í Orustuhvammi .

Greining gjóskulaga

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

(magnus.a.sigurgeirsson@isor.is)

Þann 11. ágúst var haldið í Haukadal í Dalasýslu til að kanna gjóskulög í tengslum við fornleifarannsóknir þar. Farið var að Kirkjufelli, innarlega í dalnum, og að Orustuhvammi, sunnan megin í dalnum.

Skoðað var í skurði sem grafnir höfðu verið í fornleifar á þessum stöðum. Fyrri rannsóknir á gjóskulögum í Haukadal hafa leitt í ljós að þar er lítið af gjóskulögum frá sögulegum tíma sem eru sjáanleg í jarðvegi. Í annálum er þó greint frá gjóskufalli í dalnum á síðari öldum og því ekki vonlaust að finna gjósku með ýtarlegri leit.

Niðurstöður

Kirkjufell

Skoðað var í alls fimm skurði á Kirkjufelli. Í torfi rústar 2, og fleiri rústa, er sjáanlegt dökkt jarðvegslag sem líklega er frá því um Landnám. Í þessu lagi eru yfirleitt varðveitt nokkur dökk gjóskulög og hefur sú gjóskusyrpa verið kölluð Landnámssyrpan (LNS). Gjóskulög voru ekki sjáanleg í dökka jarðvegslaginu á Kirkjufelli. Ljósa gjósku, vafalítið forsögulega, mátti einnig sjá í torfinu.

Stungin var lítil hola í mýri skammt sunnan rústar nr. 2. Þar mátti finna vott af sendnu lagi um 7 cm neðan yfirborðs (fannst þegar strokið var yfir það með múrskaið). Sýni var tekið til frekari skoðunar í smásjá. Einnig var tekið sýni af sendnu lagi, mögulegu gjóskulagi inni í rúst 2, um 6 cm frá yfirborði. Lagið er yfir torfi.

Smásjárskoðun á gjóskusýnunum staðfestir að um gjósku er að ræða í báðum tilvikum. Með hliðsjón af fyrri rannsóknum verður að telja líklegast

að um Heklugjósku frá árinu 1693 sé að ræða. Segja má því með allgóðri vissu að rústirnar á Kirkjufelli séu frá því fyrir 1693.

Við Orustuhvamm

Engin gjóska var sjáanleg í sniðum við Orustuhvamm.

Heimildir

- Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.
- Árni Einarsson, Oddgeir Hansson & Orri Vésteinsson. 2002. An extensive system of medieval earthworks in northeast Iceland. *Archaeologia Islandica*. 2: 61-73.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1938. *Jarðabók. Dala- og Barðastrandasýsla*. Sjötta bindi. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Birna Lárusdóttir & Oscar Aldred. 2008. Kortlagning fornleifa af gerfi-hnattamyndum. *Rannsóknarskýrslur Fornleifastofnunar Íslands*. FS389-08181.
- Bjarni Eggertsson. 2003. Kvennabrekkuprestakall. Í Einar G. Pétursson (ritstj.) *Dalasýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855*. Reykjavík: Sögufélag: 43-53.
- Brynjúlfur Jónsson. 1895. Viðaukar. Ábók Hins íslenska fornleifafélags 189-5: 19-21.
- Guðmundur Ólafsson & Ragnheiður Traustadóttir. 1998. Fornleifarannsókn á Eiríksstöðum í Haukadal. *Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands*. XV.
- Íslensk fornrit IV* 1935. Eiríks saga Rauða. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.
- Konungsbréf*. 17.5.1765: 160.
- Lucas, Gavin (ed). 2003. *Archaeological field manual*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Orri Vésteinsson. 2004. Icelandic farmhouse excavations: Field methods and site choices. *Archaeologia Islandica* 3: 71-100.
- Þorsteinn Þorsteinsson. 1947. Dalasýsla. *Árbók Ferðafélags Íslands* MCMXLVII.
- Ö-Jörfi: Örnefnaskrá Villingadals.
- Ö-Villingadalur: Örnefnaskrá Jörfa.

Einingskrá

Kirkjufell

Eining	Skurður	Tegund	Lýsing
01	Allir	Jarðlag	Yfirborðslag
02	2	Jarðlag	Hrun úr vegg [10] innan í töft. Torf og grjót.
03	2	Jarðlag	Hrun úr vegg [10] utan við töft. Torf og grjót.
04	1	Jarðlag	Torfhrun úr vegg [13]
05	2	Jarðlag	Viðarkolalag utan við vegg [10].
06	2	Jarðlag	Vindblásin mold blönduð torfhruni.
07	2	Jarðlag	Lífrænt lag með tölvert af grjóti. Innan í töft.
08	1	Steinar	Steinahrúga í stækkun á skurði 1.
09	2	Jarðlag	Gólfag(?). (Ógrafið)
10	2	Jarðlag	Torfvegur, 0,6m á hæð, 1,2m á breidd. Í honum var dókkt jarðvegslag sem gjarnan er tengt landnámsstyrpuni, þó að gjóskan sjálf hafi ekki fundist(Ógrafinn).
11	3	Jarðlag	Torfhrun blandað vindblásnum jarðvegi. Líklegast úr vegg [18].
12	3	Jarðlag	Torfhrun blandað vindblásnum garðvegi. Úr vegg [18]
13	1	Jarðlag	Veggur úr strengjatorfi, 0,3m á hæð og 0,9m á breidd.
14	1	Jarðlag	Vindblásið jarðlag, engin merki um mannvist.
15	1	Jarðlag	Torfhleðsla, hugsanlega með grjóti.
16	1	Jarðlag	Torfhrun, líklegast úr vegg [15].
17	1	Jarðlag	Torfblandað lag.
18	3	Jarðlag	Torfveggur. Rauðbrúnar linsur (strengur?)
19	3	Jarðlag	Sama og [12]
20	5	Jarðlag	Torfhrun, líklegast úr vegg [24]
21	5	Jarðlag	Torfhrun, líklegast úr vegg [24]
22	4	Jarðlag	Óreglulegt torflag með grjóti – hrun úr eða partur af vegg [31].
23	4	Jarðlag	Óreglulegt torflag með grjóti – hrun úr eða partur af vegg [31].
24	5	Jarðlag	Torfvegur, 0,1m á hæð, 0,8m á breidd. Stefna norðaustur-suðvestur.
25	4	Jarðlag	Óreglulegt torflag með grjóti – hrun úr eða partur af vegg [31].
26	5	Jarðlag	Kola og torfblandað jarðlag.
27	3	Jarðlag	Sama og [12]
28	5	Jarðlag	Vindblásið jarðlag.
29	3	Jarðlag	Sama og [18]
30	4	Jarðlag	Torfhrun úr vegg [31] (Ógrafið)

Eining	Skurður	Tegund	Lýsing
31	4	Jarðlag	Torf- og steinhláðinn veggur. 0,2m á hæð & 1,1m á breidd. (Ógrafinn)
32	5	Jarðlag	Torfhrun(?). Líklegast úr vegg [41].
33	5	Jarðlag	Jarðvegur sem liggur upp að skurðbrún [49], mold með stórum torfkögglum.
34	3	Jarðlag	Torfblandað lag. Fylling í vegg(?) [45]. (Ógrafíð)
35	3	Jarðlag	Sama og [18]
36	-	-	-----
37	3	Grjóthleðsla	Steinhleðsla, stefna norðvestur-suðaustur. Tvær umferðir. (Ekki fjarlægð).
38	3	Jarðlag	Þétt torfblandað lag með töluvert af steinum. Hrun eða fylling in vegg tengt steinhleðslu [37]. (Ógrafíð).
39	5	Jarðlag	Mold blönduð stórum torfkögglum.
40	5	Jarðlag	Torfblandað jarðlag (Ógrafíð)
41	5	Jarðlag	Torfveggur, strengur. Stefna norðaustur-suðvestur (Ógrafinn)
42	5	Jarðlag	Uppsafnaður jarðvegur með kolaflekkjum. (Ógrafinn).
43	5	Jarðlag	Þétt, svart lag í prufuholu, gólf(?). (Ógrafíð).
44	3	Jarðlag	Áfok. Mikið upplyft vegna frosthreyfinga.
45	3	Grjóthleðsla	Steinhleðsla, stefna norðaustur-suðvestur. Ein umferð, steinar um 0,3m í þvermál. (Ekki fjarlægð)
46	3	Grjóthleðsla	Steinhleðsla, stefna norðaustur-suðvestur. Tvær umferðir í þvermál. (Ekki fjarlægð)
47	2	Grjóthleðsla	Steinhleðsla, stefna norðvestur-suðaustur. Ein umferð (Ekki fjarlægð).
48	2	Jarðlag	Torf og kolablönduð mold. Innan í töft.
49	5	Niðurgroftur	Skurður í norðausturhlíð veggs [4-1]. Mannvirkið að hluta niðurgroftur/útmokstur(?)

Við Orustuhvamm

Eining	Skurður	Tegund	Lýsing
01	Allir	Jarðlag	Yfirborðsmold.
02	1	Jarðlag	Torfnun (?). Inniheldur viðarkol og grjót, allt að 40cm í þvermál.
03	1	Jarðlag	Moldarlag með viðarkolum og torfflekkjum.
04	1	Jarðlag	Þétt torflag – partur af hleðslu (??) / Hrunu (??).
05	2	Jarðlag	Mold blönduð viðarösku. Sýni <00.1> tekið til að kanna sindur.
06	2	Jarðlag	Löðrétt þétt lag myndað úr viðarösku linsum (veggur/þufa??). Ógrafið.
07	2	Jarðlag	Viðaröskulag. Ógrafið.
08	2	Jarðlag	Ljósbrún, lítið hreyfð mold. Smá viðarkolamolar. Ógrafin.
09	3	Jarðlag	Troðið malarlag, fylling í göngustíg [10]. (Einungis grafið að hluta).
10	3	Niðurgrofur	Línulag dæld, um 10 cm djúp. Troðinn göngustígur.
11	3	Jarðlag	Moldblandað viðarkolalag. Ógrafið.
12	3	Jarðlag	Einsleit ljósbrún mold. Ógrafið.
13	3	Jarðlag	Torfkennd mold með viðarkolaflekkjum. Mjög þétt, en ekki sannfærandi sem veggur. Ógrafin.
14	3	Jarðlag	Brún mold með torf og viðarkolaflekkjum. Ógrafin.
15	1	Grjóthleðsla	Hlaðinn grjótveggur með stefnu suðvestur-norðaustur. Hlaðinn úr rúnuðu grjóti – mest 60 cm í þvermál. Grjóthróngl

Gripaskrá

Kirkjufell

Fundanúmer	Jarðlag	Skurður	Tegund	Efni	Þyngd (g)	Magn	Lýsing
1 LF	3	Nagli	Járn	5	1	Heill en mjög ryðgaður T-laga járnnegli. Leggurinn hefur ferkantað snið og dregst niður að oddi á alla kantana, oddurinn rúnaður og fleyglaga. Handsmiðað.	

Við Orustuhvamm

Fundanúmer	Jarðlag	Skurður	Tegund	Efni	Þyngd (g)	Magn	Lýsing
01	--	--	--	--	--	--	--
02	01	3	Gjall	Gjall	116,76	1	Nokkrir járngjallsmolar
03	01	2	Aðfl. steinn	Jaspis	202	7	Grænn jaspis. Óveðraður og óunninn.
04	01	2	Aðfl. steinn	Hrafninna	10,12	1	Veðruð hrafninna með perlfte skán (myndast þegar tinna kemst í snertingu við vatn).
05	01	2	Aðfl. steinn	Ópall	21,63	1	Óveðraður & óunninn. Öðrugg greining, hugsanlega jaspis
06	04	1	Gjall	Gjall	107,16	1	Járgjall
07	02	1	Óþekkt	Járn	2,69	1	Flat, ilangur járnútúr, brottinn á báðum endum.
08	08	2	Aðfl. steinn	Jaspis	43,83	1	Óveðraður og óunninn.
09	LF	1	Grýta	Steinn	103,68	1	Belgsbrot af klébergsgrýtu. Allar hliðar eru brotin, sum brotin nýleg. L itur steinsins er dökkgrár. Brotið er sóttugt að utanverðu en hreint að innanverðu og órlítið hveift. Stærð brotsins er 90x37x19 mm en vart er hægt að áætla þvermál og stærð grýturnar af þessu litla broti.

